

Árið 2026, föstudaginn 23. janúar, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mættir voru Unnþór Jónsson varaformaður og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur. Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor tók þátt í gegnum fjarfundabúnað.

Fyrir var tekið mál nr. UUA2511049, kæra á ákvörðun sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps frá 23. september 2025 um að banna umráðamanni hundsins Bowie að halda hundinn.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

1. Með kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, er barst nefndinni 21. nóvember 2025, kærir Kristinn Ka. Nína Sigríðarson, fyrrum umráðamaður hundsins Bowie, þá ákvörðun sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps frá 23. september 2025 að banna kæranda að halda hundinn. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi.
2. Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Grímsnes- og Grafningshreppi 19. desember 2025.

Málavextir

3. Kærandi er búsettur í Grímsnes- og Grafningshreppi og var umráðamaður hundsins Bowie. Með bréfi sveitarstjóra til kæranda, dags. 27. ágúst 2025, var hann upplýstur um að sveitarfélaginu hefði borist kvartanir vegna brota hans á samþykkt um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi nr. 60/2012. Vísað var til ákvæða í samþykktinni um að hundar skyldu aldrei ganga lausir á almannafæri auk þess sem hundaeigandi bæri ábyrgð á því að hundur hans raski ekki ró íbúa sveitarfélagsins. Vakin var athygli á því að samkvæmt samþykktinni væri heimilt að fjarlægja viðkomandi hund vegna umræddra brota, en ef um alvarleg eða ítrekuð brot væri að ræða hefði sveitarfélagið heimild til þess að taka hund af skrá sveitarfélagsins og banna umráðamanni að halda hundinn í sveitarfélaginu. Með vísan til 6. gr. samþykktarinnar var tekið fram að erindið fæli í sér skriflega áminningu og að úrbæta væri vænst.
4. Hinn 12. september 2025 barst sveitarfélaginu tilkynning um að hundur kæranda hafi verið laus, ráðist á lamb og bitið það. Hundurinn var tekinn sama dag og komið fyrir í umsjá dýraeftirlitsmanns sveitarfélagsins. Með bréfi sveitarstjóra til kæranda, dags. 18. s.m., var greint frá umræddri tilkynningu og tekið fram að til álita kæmi, vegna ítrekaðra brota hans gegn samþykkt um hundahald í sveitarfélaginu, að banna honum að halda hundinn. Kæranda var gefinn kostur á að gæta andmælaréttar síns í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Andmælti kærandi þeirri ákvörðun með tölvupósti 22. s.m. Sveitarstjóri tók síðan þá ákvörðun með bréfi til kæranda, dags. 23. s.m., að banna honum að halda hinum umrædda hundi.

Málsrök kæranda

5. Í kæru vísar kærandi til þess að Grímsnes- og Grafningshreppur hafi ekki skjalfest helstu ásanir sem hafðar séu frammi vegna hundsins. Ásanir um að hundurinn sé grunaður um að hafa ráðist á allt að 31 lamb séu eingöngu byggðar á símtölum þar um. Það hafi aldrei verið

á það minnst við kæranda fyrr en í tilkynningunni um hina kærðu ákvörðun. Kærandi hafi ávallt sagst taka fulla ábyrgð og lofað að greiða bætur vegna skaða sem hundurinn eigi að hafa valdið, en á móti krafist gagna og sannana fyrir ásökunum.

6. Sveitarfélagið haldi því ranglega fram að kærandi hafi ekki sinnt fyrri viðvörðunum og nýtt andmælarétt. Hið rétta sé að hann hafi talið sig standa í sáttaferli við sveitarstjóra. Frá byrjun hafi honum verið tjáð að verið væri að taka saman öll gögn vegna málsins og frekari svörum við spurningum hans ekki verið svarað. Með vísan til gagna málsins blasi við hvernig sveitarfélagið komi sér undan að hafa hlutina skriflega. Hafi kærandi meðal annars óskað eftir því að fá fundargerðir um mál sitt en þeirri beiðni annað hvort verið hafnað eða ekki sinnt. Hafi hann leitast við að finna eitthvað um málið í fundargerðum en án árangurs.
7. Óheilindi séu í vinnubrögðum sveitarfélagsins. Hundurinn Bowie sé kæranda mikilvægur og sé hann tilbúinn að halda uppeldinu og þjálfuninni áfram.

Málsrök Grímsnes- og Grafningshrepps

8. Sveitarfélagið bendir á að hin kærða ákvörðun hafi verið tekin vegna ítrekaðra brota kæranda gegn samþykkt um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi nr. 60/2012. Borist hafi kvartanir um að hundur kæranda hafi ítrekað verið laus á almannafæri og raskað ró annarra íbúa. Kærandi hafi fengið áminningu 27. ágúst 2025 og honum verið veittur hæfilegur frestur til úrbóta. Þrátt fyrir það hafi skömmu síðar komið upp atvik þar sem umræddur hundur hafi verið laus og bitið lamb. Með bréfi, dags. 18. september s.á., hafi kæranda verið veitt tækifæri til að gæta andmælaréttar áður en ákvörðun yrði tekin í málinu og hafi hann komið sjónarmiðum sínum á framfæri 22. s.m. Hafi verið tekið tillit til þeirra andmæla áður en hin kærða ákvörðun hafi verið tekin. Sé ákvörðunin í samræmi við form- og efnisreglur stjórnsýslulaga nr. 37/1993.
9. Varðandi umfjöllun í kæru um að kærandi hafi ekki fengið aðgang að öllum gögnum málsins, sbr. 1. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga, sé á það bent að vinnuskjöl stjórnvalda séu meðal þeirra gagna sem séu undanþegin upplýsingarétti aðila, sbr. 16. gr. þeirra laga. Sveitarfélagið hafi veitt kæranda aðgang að öllum gögnum sem til eru hjá stjórnvaldinu og hann eigi rétt á aðgangi að. Önnur gögn á borð við tölvupóstsamskipti á milli starfsmanna sveitarfélagsins um málið séu hins vegar undanþegin upplýsingarétti kæranda.

Viðbótarathugasemdir kæranda

10. Kærandi ítrekar fyrri athugasemdir. Hin umrædda upptaka sýni og sanni að hundur hans hafi bara verið að leika sér. Hafi kærandi sjálfur haft samband við lögreglu og Matvælastofnun sem hefðu ekki gert neinar athugasemdir. Hafi hann að auki fengið Husky hundaþjálfara með yfir 20 ára starfsreynslu til að leggja mat á myndbandið. Að hans mati hafi hundurinn bara verið að leika sér.
11. Ekki sé rétt að hundurinn hafi oft verið staðinn að verki og kærandi fengið margar viðvaranir. Hundurinn hafi verið tekinn í fyrsta skipti sem hann hafi verið gripinn og enginn miskunn sýnd þrátt fyrir vitneskju um að búnaður væri á leiðinni til kæranda sem myndi koma í veg fyrir að hundurinn gæti sloppið.

Niðurstaða

12. Í máli þessu er deilt um lögmæti ákvörðunar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 23. september 2025 um að banna kæranda að halda hundinn Bowie. Var ákvörðunin tekin og kynnt kæranda

með bréfi sveitarstjóra sama dag sem hann undirritaði fyrir hönd sveitarstjórnar. Kæruheimild er í 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

13. Samþykkt um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi nr. 60/2012, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 27. janúar 2012, var sett með stoð í þáverandi 25. gr. laga nr. 7/1998, sbr. núverandi 59. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðinu er sveitarstjórn heimilt að gera í samþykktum ítarlegri kröfur en fram koma í reglugerðum um efni sem falla undir lögin. Tiltekið er að auk annars sé heimilt að setja í slíkar samþykktir ákvæði um bann eða takmörkun gæludýrahalds. Í 1. gr. nefndrar samþykktar segir m.a. að fyrir hönd sveitarstjórnar annist eftirlitsmaður á hennar vegum framkvæmd og eftirlit samkvæmt samþykkt þessari í umboði og undir eftirliti heilbrigðisnefndar Suðurlands. Þá er í 6. gr. kveðið á um að eigendur eða forráðamenn hunda sem brjóti gegn ákvæðum hennar skuli sæta skriflegri áminningu og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta. Einnig segir að sveitarstjórn geti bannað viðkomandi að halda hund og látið fjarlægja hundinn ef eigandi eða forráðamaður hunds vanræki skyldur sínar eða brjóti ítrekað gegn ákvæðum samþykktarinnar.
14. Sveitarstjórnnum er heimilt skv. 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð, að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að fela fastanefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því. Þá segir í 2. mgr. að á sama hátt og með sömu skilyrðum sé sveitarstjórn heimilt að fela einstökum starfsmönnum sveitarfélags fullnaðarafgreiðslu mála. Í 4. mgr. er svo kveðið á um að þegar sveitarstjórn nýti framangreinda heimild skuli jafnframt kveða á um það í samþykkt sveitarfélagsins hver skuli taka fullnaðarákvörðun í máli skv. 3. mgr. og hvernig skuli fara með endurupptöku mála sem hljóti afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.
15. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningsshrepps nr. 1326/2024 var birt í B-deild Stjórnartíðinda 26. nóvember 2024. Í 45. gr. þeirrar samþykktar er kveðið á um hlutverk sveitarstjóra, en ákvæðið svarar efnislega til 55. gr. sveitarstjórnarlaga um hlutverk framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Í nefndu ákvæði samþykktarinnar segir m.a. að sveitarstjóri skuli sjá um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna. Hann skuli sitja fundi sveitarstjórnar þar sem hann hafi málsfrelsi, tillögu-rétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt. Einnig sé hann prókúruhafi sveitarfélagsins og undirriti skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, auk annarra skyldra hlutverka. Í téðri samþykkt er að öðru leyti ekki að sjá að sveitarstjóra sé falin heimild til fullnaðar-afgreiðslu mála, sbr. áðurnefndar 2. og 4. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga.
16. Samkvæmt framansögðu hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps ekki framselt vald sitt til fullnaðarafgreiðslu mála sem afgreitt eru á grundvelli samþykktar sveitarfélagsins um hundahald. Skorti sveitarstjóra því vald til að taka hina kærðu ákvörðun og breytir engu í þeim efnum þótt hann hafi undirritað hina kærðu ákvörðun fyrir hönd sveitarstjórnar, en af þeim fundargerðum sem aðgengilegar eru á vefsíðu sveitarfélagsins verður ekki séð að sveitarstjórn hafi tekið ákvörðun um að banna kæranda að halda hinn umrædda hund.
17. Með vísan til þess sem að framan er rakið liggur ekki fyrir ákvörðun sem bindur enda á mál í skilningi 2. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og verður slík ákvörðun ekki borin undir úrskurðarnefndina fyrr en málið hefur verið til lykta leitt af þar til bærur stjórnvaldi. Verður kærumáli þessu af þeim sökum vísað frá nefndinni.

Úrskurðarorð

Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Unnþór Jónsson (sign)

Aðalheiður Jóhannsdóttir (sign)

Þorsteinn Þorsteinsson (sign)